



Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/764  
komudagur 7.12.2010

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. viðskiptanefndar

Reykjavík 6. desember 2010

Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

1011010SA TP  
Málalykill: 401

**Efni: Frv. til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja  
- 238. mál 138. lþ.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 25. nóvember sl., þar sem ofangreint þingmál er sent Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.

Sambandið gaf umsögn um fyrri útgáfu frv. sem var til umfjöllunar á 137. löggjafarþingi. Jákvætt er að tekið hefur verið nokkurt tillit til athugasemda í fyrri umsögn varðandi efni 1. mgr. 2. gr. frv., m.a. varðandi söfnun upplýsinga um húsaleigubætur.

Eftir stendur á hinn bóginn að sú upplýsingaskylda sem frv. leggur á sveitarfélög er íþyngjandi og mun kalla umtalsverða vinnu yfir stjórnvöld sveitarfélaganna. Er þá litið til þess að ekki hefur verið þróað rafrænt fyrirkomulag, eða kerfi sem staðlað er með öðrum hætti, til þess að safna og miðla upplýsingum um veitta fjárhagsaðstoð og aðrar bóta- eða stuðningsgreiðslur til einstaklinga.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis er skilmerkilega greint frá því hvaða kostnaðaráhrif frumvarpið muni hafa fyrir ríkið, verði það að lögum. Hins vegar er hvergi vikið að því í skýringargögnum hver kostnaðaráhrifin verði fyrir sveitarfélögin.

Viðurkennt er, m.a. í samkomulagi dags. 30. desember 2005, um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum, að greining á slíkum kostnaðaráhrifum eigi að vera liður í undirbúningi frumvarpa. Er því óskað eftir að viðskiptanefnd hlutist til um að frumvarpið verði kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögunum áður en það verður tekið til lokaafgreiðslu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs